

**Jórunn Viðar** útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1936 en þar nam hún hjá Árna Kristjánssyni. Næstu tvö ár hélt Jórunn námi áfram við Hochschule für Musik í Berlín. Árin 1943-45 var hún við nám í tónsmíðum hjá V. Giannini við Julliard tónlistarskólann í New York og árin 1959 og 1960 var hún við píanónám í Vín. Jórunn hefur verið starfandi kennari, píanóleikari (bæði einleikari og undirleikari) og tónskáld í Reykjavík.

Sönglög eru áberandi meðal tónsmíða Jórunnar, og hafa þau öðlast sérstakan sess meðal íslenskra sönglaga. Af viðameiri verkum Jórunnar má nefna ballettana *Eld* og *Ólaf Liljurós* og píanókonsertinn *Sláttu*. Jórunn Viðar samdi fyrstu íslensku kvikmyndatónlistina við mynd Lofts Guðmundssonar *Síðasta bæinn í dalnum*. Um tónsmíðar Jórunnar Viðar hefur Jón Þórarinsson komist svo að orði: „Stíll Jórunnar er sérkennilegur, frísklegur og blæbrigðaríkur.“

**Samuel Barber** fæddist í West Chester í Pennsylvaníu, Bandaríkjunum árið 1910. Hann hóf ungur að læra á píanó og byrjaði brátt að semja tónlist. Hann útskrifaðist frá Curtis Institute of Music í Filadelfíu árið 1934 og helgaði sig tónsmíðum eftir það. Tónlist hans er mjög lýrisk og með rómantískum blæ, og má segja að öll verk hans hafi „að minnsta kosti eina ómótstæðilega laglínu eða minnisvert stef“. Þetta var í nokkurri andstöðu við tíðaranda fimmta og sjötta áratugs tuttugustu aldarinnar, en á síðari árum hefur vegur Barbers vaxið mjög og tónlist hans er þekkt um heim allan. Af helstu verkum hans má nefna *Adagio for Strings* (1936), *Knoxville: Summer of 1915* (1947); og óperurnar *Vanessa* (1956), sem vann til Pulitzer verðlauna, og *Antony and Cleopatra* (1966).

Tónverkið *Knoxville: Summer of 1915* er af mörgum talið meistarastykki Samuel Barbers. Það er samið við ljóð James Agee og lýsir því hvernig lítið barn skynjar sumarkvöld í bakgarði þar sem öll fjölskyldan er saman komin. Bæði texti og tónlist virðast einföld við fyrstu sýn, þar sem barnið tekur saman í huga sér bæði fólk og hluti er mynda umgjörð um líf þess. En ef dýpra er skyggnst felst fegurð ljóðsins í því að áheyrendur skynja langanir og þrár barnsins í gegnum nákvæman lista af umhverfi og skyldmönnum sem „fara hljóðlega með mig eins og einn af fjölskyldunni, elskaðan á þessu heimili... en þau munu aldrei segja mér hver ég er.“ Stjörnuþjartur himinn verður til þess að vekja hugsanir og djúpar spurningar um allt þetta fólk sem stendur frammi fyrir fegurð og ráðgátum tilverunnar.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert

# Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Gerður Bolladóttir  
sópran

Júlíana Rún Indriðadóttir  
píanó

Þriðjudaginn 19. júní 2001 kl. 20:30

## *Efnisskrá*

**Gerður Bolladóttir** hóf söngnám við Tónlistarskólann á Akureyri þar sem kennarar hennar voru þau Antonia Ogonovsky og Margrét Bóasdóttir. Síðan lá leið hennar til Reykjavíkur þar sem hún lærði í eitt ár hjá Ásrúnu Davíðsdóttur og Kistni Sigmundssyni í Söngskóla Reykjavíkur. Frá 1991 stundaði hún söngnám hjá Sieglinde Kahmann og síðar hjá Sigurði Demetz Franssyni, en hún lauk burtfararprófi undir handleiðslu hans árið 1995. Árin 1995 til 2000 stundaði hún nám í Bandaríkjunum við Indiana University, School of Music, Bloomington, þar sem aðalleiðbeinandi hennar var Klara Barlow. Á meðan Gerður var við nám í Indiana tók hún þátt í uppfærslum á Grímuballi eftir Verdi í hlutverki Amelíu og í Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart í hlutverki greifynjunnar. Gerður hefur sungið í fjölmörgum kirkjum víðsvegar um landið, meðal annars á Hólahátíð og tekið þátt í óperuuppfærslum hérlendis auk þess að halda einsöngstónleika.

**Júlíana Indriðadóttir** lauk einleikarprófi árið 1989 frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar þar sem aðalkennari hennar var Brynja Guttormsdóttir. Á árunum 1989–94 stundaði hún framhaldsnám í Berlín undir leiðsögn prófessors Georg Sava. Eftir tveggja ára dvöl hérlendis hélt Júlíana til náms við Indiana University, School of Music, Bloomington. Þar var hún undir handleiðslu Jeremy Denk og Edward Auer og lauk meistaraþráðu árið 1998. Júlíana vannur við kennslu, undirleik og kórstjórn í Reykjavík. Árið 1995 hlaut Júlíana Tónvakaverðlaun Ríkisútvarpsins.

Samuel Barber 1910–1981	Three Songs op.2 The daisies With rue my heart is laden Bessie Bobtail	<i>James Stephens</i> <i>A.E. Stephens</i> <i>James Stephens</i>
	Knoxville: Summer of 1915	<i>James Agee</i>
	Four Songs op.13 A nun takes the veil The secrets of the old Sure on this shining night Nocturne	<i>Gerard M. Hopkins</i> <i>W.B. Yeats</i> <i>James Agee</i> <i>Frederic Prokosh</i>
Jórunn Viðar f. 1918	Við Kínafljót Þjóðvísa Júnímorgunn Sönglað á göngu Vort líf Unglingurinn í skóginum	<i>Þorgeir Sigurbjarnarson</i> <i>Tómas Guðmundsson</i> <i>Tómas Guðmundsson</i> <i>Valgarður Egilsson</i> <i>Steinn Steinarr</i> <i>Halldór Laxness</i>